

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Lækjargötu - Hringbraut - Öldugötu“ vegna Rafhareits í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 17. desember 2002 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Lækjargötu - Hringbraut - Öldugötu“ vegna Rafhareits í Hafnarfirði.

Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 18. mars 2003.*

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum: Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum báðum megin við Strembugötu frá Strembugötu 15 upp að Dalavegi.

Jafnframt er auglýsing um umferð í Vestmannaeyjum nr. 90 frá 2003 felld úr gildi. Ákvörðun þessi hefur tekið gildi.

*Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 18. mars 2003.*

**Karl Gauti Hjaltason.**

## REGLUGERÐ

### um ráðstöfun eigna ríkisins.

#### 1. gr.

Ríkisaðilar í A- og B-hluta ríkisreiknings skulu hverju sinni afla heimildar Alþingis til að selja eða láta af hendi með öðru móti einhverja fasteign ríkisins eða afnotarétt hennar.

Ríkisaðilar í A-hluta ríkisreiknings skulu auk þess sem segir í 1. málsg. afla lagaheimildar til að selja eftirtaldar eignir:

1. Eignarhluta í félögum.
2. Skip og flugvélar.
3. Söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti.
4. Aðrar eignir ríkisins sem verulegt verðgildi hafa og falla ekki undir 1.-3. tölulið þessarar málsgreinar.